

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fundir séu opnir - umsögn.

Á fundi forsætisnefndar 1. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að fundir borgarráðs auk funda nefnda og ráða á vegum Reykjavíkurborgar verði opnir almenningi. Á því verði sú undantekning að fundir verði lokaðir þegar trúnaðarmál eru til umfjöllunar. Ástæða fyrir að þessi tillaga er lögð fram er að borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að með því að hafa fundina opna er líklegra að þeir fari betur fram og að samskipti á þeim verði betri en áður. Markmiðið er einnig að með því að hafa fundina opna eykur það gegnsæi og gerir almenningi og fjölmiðlum þannig kleift að fylgjast betur með störfum borgarstjórnar.

Óskað var eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillöguna.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 kemur fram í 16. gr. að fundir sveitarstjórna eru opnir. Í lögnum er jafnframt að finna heimild til að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Í 46. gr. laganna kemur fram að nefndarfundir sveitarfélaga skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Sveitarstjórn skal setja reglur um meðferð óska um opna fundi nefnda þar sem fram komi skilyrði opnunar og hefur það verið gert í 55. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Þar kemur fram að nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefndir borgarstjórnar geta aftur á móti ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða öðrum hagsmunahópum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagrað Reykjavíkurborgar skulu þar að auka halda að jafnaði halda einn opinn fund árlega. Nefndum borgarstjórnar er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Með vísan til ofangreinds er því mælt með því að tillögunni verði vísað frá þar sem hún samræmist ekki ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar